



Héraðsskjalasafn
skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLUR 2018-2023 SAMANTEKT



LANGHLAUP EÐA SPRETTHLAUP?

GILDI HÉRAÐSSKJALASAFNA FYRIR LÝÐRÆÐI ÍBÚA, SÖGU OG MENNINGU Í HÉRAÐI

Ljósmyndirnar sem prýða þessa skýrslu eru úr safni Stefáns B. Pedersen. Ljósmynda-safn þetta sem Stefán afhenti safninu árið 2018 telur þúsundir mynda. Við höfum notið liðsstyrks Sveins Sigfússonar við að greina og skrá ljósmyndirnar en það er ómetanleg hjálp að fá kunnuga til að aðstoða við slíkt verkefni. Nú þegar er búið að skrá um 6000 ljósmyndir úr þessu safni en líklega er annað eins eftir. Þetta er tímafrekt og vandasamt verkefni en afar mikilvægt fyrir sögu Skagafjarðar. Og þannig er það með flest verkefni safnsins. Skjalavarsla og varðveisla gagna er nefnilega sjaldnast áhlaupsverkefni - hér reynist best að horfa á verkefnið sem langhlaup fremur en spretthlaup.

Það er ekki laust við að atburðir og umræða ársins 2023 veiki nokkurn ugg hjá héraðsskjalaverði en ákveðið hefur verið að leggja niður Borgarskjalasafn og Héraðsskjalasafn Kópavogs. Meginástæðan virðist vera að fyrir liggur að nauðsynlegt sé að auka varðveislurými þessara stofnanna því skjalasöfn geta aldrei annað en vaxið að umfangi. Það fylgir því ábyrgð að ákveða að stofna safn, ákvörðun sem hefur langtímaskuld-bindingar í för með sér. Skyndiákvörðanir um stórfelldan niðurskurð eða niðurlagningu eru því hættulegar.

Orri Vésteinsson, prófessor við HÍ, útskýrði í frábæru viðtali við Rás 1 í haust, hvernig skjalasöfn eru hornsteinn lýðræðis. "Skjalasöfn eru staðirnir sem upplýsingar um það sem stjórnámálamennirnir okkar gera eru geymdar. Í því felst gríðarlegt aðhald og þeir vita að allt sem þeir gera er einhvers staðar geymt". Héraðsskjalasöfnin eiga einnig að hafa eftirlit með skjalavörslu opinberra stofnana og veita þeim ráðgjöf um skjalastjórn. Skjalasöfn eru eitt af tannhjólum stjórnsýslu sveitarfélaga. Hvers vegna ættu stjórnámálamenn að sjá hag í því að leggja slíka stofnun niður? Vilja þeir frekar greiða ríkinu fyrir að sinna þessu verkefni?

Héraðsskjalasöfnin sinna einnig mikilvægu hlutverki við að safna og varðveita minni. Heimamenn eða brottfluttir Skagfirðingar eru mjög jákvæðir fyrir því að setja gögn sín á safn heima í héraði. Væru þeir jákvæðir fyrir því að senda það allt til Reykjavíkur? Eftir því sem við getum skráð og greint gögnin betur því meira gildi hafa þau fyrir framtíðina. Þá er gott að geta leitað til heimamanna líkt og við gerum með ljósmyndasafni Stefáns B. Pedersen. Ég vona því að Skagfirðingar, nú sem fyrr, haldi áfram að hlúa að sínum menningararfi.



ALMENN STARFSEMI

Á safninu eru alla jafna þrjú stöðugildi. Þessum stöðugildum hafa síðustu ár, fjórir starfsmenn skipt með sér. Tveir starfsmenn eru í 100%, einn í 75% og einn í 25%.

Þess fyrir utan hafa nokkur einstaklingar unnið að ýmsum tímabundnum verkefnum. Þá þar nefna forskráning bréfasafns Kristmundar Bjarnasonar sem dóttir hans, Guðrún Kristmundsdóttir sinnti á tímabilinu 2017 til 2020. Einnig skráning skjalasafns Akrahrepps sem var afhent safninu í tilefni sameiningar Akrahrepps og Sv. Skagafjarðar. Þessu verkefni sinnti Elín Sigurðardóttir. Þá var Rökkvi Sigurlaugsson í tímabundnum sérverkefnum fram til ársins 2018. Sólveig Olga Sigurðardóttir hafði aðsetur á Héraðsskjalasafninu, 2017-2018, á meðan hún sinnti verkefninu "Verndarsvæði í byggð" á Sauðárkróki og Hofsósi.

Um nokkra ára skeið hefur Sveinn Sigfússon veitt okkur ómælda aðstoð við skráningu ljósmynda. Undanfarið hefur áherslan verið á hið viðamikla ljósmyndasafn Stefán B. Pedersens en Sveinn átti sinn þátt í því að Stefán afhenti héraðsskjalasafninu ljósmyndirnar til varðveislu.

Safnið svo heppið að fá ungt fólk til starfa að sumri til árið 2020 og 2021. Það voru þau Ólöf Birna Andradóttir (2020) og Eymundur Ás Þórarinsson (2020 og 2021). Sinntu þau einkum ljósmyndaskráningu og miðlun.

Sumarið 2020 fékk safnið styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að ljósmynda, greina, skrá og miðla handritum Sölva Helgasonar sem varðveitt eru á safninu. Safnið réði Stefán Ágústsson, nema í bókmenntafræði og íslensku við Háskóla Íslands, til verksins. Afraksturinn má sjá á atom.skagafjordur.is og heimasíðu safnsins.

Við á safninu höfum lært heilmikið af því að fá unga fólknið hingað inn til starfa, að sama skapi hafa þau vonandi dregið einhvern lærdóm af dvöl sinni hér.


Héraðsskjalasafnið er opið alla virka daga frá 09:00 til 12:00 og 13:00 til 16:00.

Héraðsskjalasafnið hefur aðsetur í Safna-húsi við Faxatorg og deilir þar rými með Héraðsbókasafni Skagfirðinga og Listasafni Skagfirðinga sem héraðsskjalasafnið hefur umsjón með.

STARFSMENN 2018-2023

- **Dagur Magnússon - hóf vinnu við safnið árið 2016.**
- Elín Sigurðardóttir - var í tímabundnu verkefni við að skrá skjalasafn Akrahrepps árið 2022.
- Eyrún Sævarsdóttir - starfaði við safnið frá 2017 til 2021.
- Guðrún B. Kristmundsdóttir - starfaði við safnið frá 2017 til 2020 í sérverkefni.
- **Jónheiður Kristín Sigurðardóttir - hóf störf við skjalasafnið árið 2023.**
- Kristín Sigurrós Einarisdóttir - starfaði við safnið frá 2019 til 2023 með hléum.
- **Lovísa V. Jónsdóttir - hóf störf við skjalasafnið árið 2023.**
- Ragnheiður Halldórsdóttir - leysti Eyrúnu Sævarsdóttur af árið 2020.
- Sigrún Fossberg - starfaði við safnið frá 2014 til 2019.
- **Sólborg Una Pálsdóttir - hóf störf við skjalasafnið árið 2014.**
- Vilborg Pétursdóttir - starfaði við safnið árið 2021-2023.


FYRIRSPURNIR



FYRIRSPURNIR VARÐANDI SAFNKOST ERU AÐ JAFNAÐI 150 TIL 200 Á ÁRI

Fjöldi fyrirspurna gefur okkur nokkra hugmynd um umfang fyrirspurna en rétt er þó að taka fram að fyrirspurnirnar eru misviðamiklar. Í sumum tilvikum er auðvelt og fljótlegt að svara fyrirspurnunum, í öðrum tilvikum kostar fyrirspurnin nokkra rannsóknarvinnu. Fyrirspurnir opinberra aðila taka til dæmis oft á tíðum lengri tíma en fyrirspurnir einstaklinga.

TEGUND FYRIRSPURNA




Við höfum undanfarin ár flokkað fyrirspurnir eftir eðli þeirra. Stór hluti fyrirspurna hverfist um ljósmyndasafnið. Annar stór hluti fyrirspurna er heimildaleit en þá er viðkomandi að leita að heimildum um tiltekið efni án þess að hafa sérstök skjöl í huga. Við aðstoðum þá viðkomandi við að finna heimildir sem gæti komið að gagni. Við hefðum búist við því að leit eftir sérstökum skjölum færi vaxandi eftir því sem skjalaskráin okkar verður aðgengilegri á netinu en það virðist ekki koma fram í tölum um fyrirspurnir.

MIKIÐ ER SÓTT Í
LJÓSMYNDASAFNIÐ EN
EINNIG ERU STARFSMENN
AÐ AÐSTOÐA FÓLK VIÐ
HEIMILDALEIT.

LEIÐ

HVERNIG ERU FYRIRSPURNIRNAR LAGÐAR FRAM?




Við höfum haldið utan um það hvernig fyrirspurnirnar eru lagðar fram, þ.e. hvort viðkomandi komi á skjalasafnið, sendi tölvupóst eða hringi í safnið. Það er ekki að merkja miklar breytingar hvað þetta varðar að undanskyldu árinu 2022 þegar heimsóknnum á safnið fækkaði nokkuð. Mögulega eru hér afleiðingar COVID að koma í ljós en einnig má ætla að aukin tölvunotkun almennings verði til þess að samskiptin fari meira fram í gegnum tölvupósta/net.

ÞRÁTT FYRIR AUKIÐ
AÐGENGI AÐ SKJALASKRÁ
OG SAFNKOSTI Á NETINU ER
ENN VERIÐ AÐ HEIMSÆKJA
SKJALASAFNIÐ TIL AÐ
RANNSAKA SAFNKOSTINN.

ÞJÓNUSTUÞEGAR

HVAÐA AÐILAR LEGGJA FRAM FYRIRSPURNIR UM SAFNKOST?




Langstærstur hluti þeirra sem sækja þjónustu safnsins varðandi safnkost eru einstaklingar. Einstaklingar eru, oft á tíðum, að sinna sögu- eða ættfræðirannsóknnum en einnig kanna hvaða heimildir sé að finna um þá sjálfa, t.d. varðandi skólagöngu o.s.frv. Þessi þáttur fer vaxandi. Sögufélag Skagfirðinga hefur lengi verið nokkuð stór hluti þeirra sem sækja þessa þjónustu enda er meginverkefni þess félagsskapar að rannsaka skagfirska sögu. Augljóslega er hlutur opinberra aðila einnig vaxandi.

**EINSTAKLINGAR VIRÐAST
SÆKJA MEST ÞJÓNUSTU
SAFNSINS VARÐANDI
SAFNKOST.**

UPPRUNI

HVAR ERU ÞJÓNUSTUÞEGAR BÚSETTIR?




Alla jafna er meirihluti þeirra er leggja fram fyrirspurnir um safnkostinn búsettir innan starfssvæðis héraðsskjalasafnsins, þ.e. í Skagafirði. Árið 2022 sker sig þó úr en þá voru óvenjumargar fyrirspurnir sem áttu uppruna sinn utan Skagafjarðar. Þegar þær fyrirspurnir eru kannaðar frekar má sjá að stór hluti þeirra tengdust sagnfræðirannsóknnum sem er mjög jákvæð þróun en héraðsskjalasöfnin hafa um langan tíma reynt að draga fram hversu mikið vægi söfnin hafa fyrir slíkar rannsóknir.

**50% - 60% FYRIRSPURNA
KOMA FRÁ ÍBÚUM
STARFSSVÆÐIS
HÉRAÐSSKJALASAFNSINS.**

FJÖLDI AFHENDINGA

SKRÁIR STOFNUNIN UPPLÝSINGAR UM SKJÖL OG MÁL SEM KOMA TIL MEÐFERÐAR, HVORT HELDUR PAPPÍRSSKJÖL EÐA RAFRÆN SKJÖL?




Afhendingar til safnsins eru að jafnaði milli 40 til 50 á ári. Nýtt met var sett árið 2021 en þá fóru afhendingar upp í 68 talsins. Mögulega nýtti fólk og stofnanir covid í tiltekt. Fjöldi afhendinga segir þó lítið til um umfangið, þó nokkuð hafi komið af meðalstórum afhendingum árið 2021. Þar sem varðveislurými er orðið mjög takmarkað þarf að fara spyrja áleitinna spurninga um einhvers konar takmarkanir á afhendingar eða jafnvel taka fyrir allar afhendingar þar til húsnæðisvandi skjalasafnsins verður leystur. Afleiðingar slíkra aðgerða gætu þó kostað okkur merkilegar heimildir sem færu á aðrar varðveislustofnanir utan héraðs eða þeim yrði fargað.

AFHENDINGAR ERU AÐ JAFNAÐI 40 TIL 50 Á ÁRI. MIKILL SKORTUR ER Á VARÐVEISLURÝMI.

SKRÁNING

FJÖLDI SKRÁNINGA Í SKRÁNINGARKERFI HÉRAÐSSKJALASAFNSINS

Fjöldi skráðra safna




Það er misjafnt hversu mörg söfn hafa verið skráð á ári, eða allt frá 15 og upp í 120 söfn. Hér er miðað við skráningu í núverandi skráningarkerfi héraðsskjalasafnsins, **atom.skagafjordur.is**. Í sumum tilvikum er verið að færa eldri skráningar yfir í nýja skráningarkerfið en það kallar samt alltaf á nokkra endurskoðun og samræmingu. Skráning ljósmyndasafna kallar á nákvæmari skráningu því þá er hver ljósmynd greind og skráð. Það verður líka að taka tillit til þess að stærð skráðra skjalasafna er mjög mismunandi.

SKRÁNING SAFNA Í
SKRÁNINGARKERFI ER FRÁ
15 OG UPP Í 120 Á ÁRI.

SKRÁNING

UMFANG SKRÁNINGAR ÚT FRÁ STÆRÐ SKJALASAFNA

Skráningar út frá umfangi



Árið 2018 voru einungis um 15 söfn skráð í skráningarkerfi héraðsskjalasafnsins en það segir ekki alla söguna því umfang þessara safna var um 44 hillumetrar. Árið 2021 var áhersla héraðsskjalasafnsins á að yfirfara þá skráningu sem þegar var komin í kerfið og kanna stöðu skjalavörslu sveitarfélagsins og stofnana þess. Fyrir vikið var minna skráð árið 2021, hvort sem litið er á fjölda safna eða umfang þeirra.

Opinber gögn eru sett í forgang í skráningu en eftir því sem við náum að fækka óskráðum opinberum gögnum fjölga skráningu einkaskjalasafna. Afhendingar opinberra aðila eru yfirleitt mun stærri en einkaaðila.

**NOKKUÐ MISMUNANDI ER
HVERSU MARGIR
HILLUMETRAR ERU SKRÁÐIR
Á ÁRI HVERJU.**

EFTIRLITSKÖNNUN

HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGAFIRÐINGA SENDI ÚT EFTIRLITSKÖNNUN MEÐAL AÐILA INNAN SVEITARFÉLAGANNA Í SKAGAFIRÐI ÁRIÐ 2020.

Helstu niðurstöður þessarar könnunar eru þessar:

- **Skjalastjórar.** Afhendingarskyldir aðilar í Skagafirði eru yfirleitt frekar fámennar stofnanir og skjalavarsla yfirleitt í höndum forstöðumanna eða deildarstjóra sem sinna þessu hlutverki með öðrum aðkallandi verkefnum. Nýlegar kannanir Þjóðskjalasafns Íslands hafa leitt í ljós að skjalavarsla og skjalastjórnun er yfirleitt betri hjá stofnunum sem hafa sérstakan starfsmann sem sinnir því hlutverk.
- **Skjalavistunaráætlanir.** Í reglum Þjóðskjalasafns Íslands nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir segir að afhendingarskyldum aðilum beri að gera skjalavistunaráætlun til að hafa yfirsýn yfir sitt skjalasafn. Einungis tveir aðilar segjast hafa gert skjalavistunaráætlanir og enginn aðili hefur fengið slíka áætlun samþykkt. Draga má því þá ályktun að stofnanir hafi ekki góða yfirsýn yfir skjalasöfn sín.
- **Málalykill og flokkun mála.** Í reglum Þjóðskjalasafns Íslands nr. 572/2015 um málalykla segir að afhendingarskyldir aðilar skulu nota málalykil til að raða og halda utan um skjalaflokkinn Málaflokkinn. Um 60% segjast nota málalykil við að flokkun skjalasafns en einungis 47% segjast raða málsgögnum eftir málalykli. Enginn aðili er með samþykktan málalykil eins og reglur gera ráð fyrir og skortur er á skilningi til hvers hann er notaður.
- **Skráning mála og málsgagna.** Einungis 46% segjast skrá mál og málsgögn, 27% segjast ekki gera það og önnur 27% svöruðu á þá vegu að sumt væri skrá, mál varðandi persónuupplýsingar væru skráð eða það ætti ekki við. Út frá þessum svörum má draga þá ályktun að mikil þörf sé á fræðslu fyrir forstöðumenn um lagalegar skyldur þeirra og ábyrgð varðandi umsýslu mála og skjalavörslu, samanber stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um opinber skjalasöfn.



- **Frágangur og skil á pappírsgögnum.** Einungis 20% aðila í Skagafirði telja sig hafa pappírsskjöl sem eru 30 ára eða eldri. Vonandi bendir það til þess að yfirleitt sé búið að skila inn eldri gögnum á skjalasafnið fremur en að gögnum hafi verið fargað á ólöglegan hátt. Einungis 20% segjast hafa gengið frá og skráð pappírsskjöl eins og reglur Þjóðskjalasafns Íslands gera ráð fyrir. Um 40% sögðust hafa fargað gögnum/skjölum en einungis einn aðili hefur sótt um grisjun gagna.
- **Skjalageymslur.** Rúmlega helmingur, eða 53%, geyma pappírsskjöl í læstum hirslum. Einn aðili taldi sig vera með samþykkt héraðsskjalasafnsins fyrir skjalageymslu. Ljóst er að fáir hafa hugað að skjalageymslum, hvaða kröfur séu gerðar til slíkra geymslna og að nauðsynlegt sé að fá samþykkt hjá opinberu skjalasafni fyrir geymslunni.
- **Rafræn gögn.** Enginn afhendingarskyldur aðili í Skagafirði hefur sótt um að fara í rafræn skil og einungis ein tilkynning hefur borist um rafrænan gagnagrunn. Þetta getur þó varla endurspeglað raunveruleikann þar sem meirihluti starfsmanna vinnur með rafræn gögn á degi hverjum. Fyrir það fyrsta eru flestir að halda utan um málafsn með rafrænni skrá eða skjalavörslukerfi (gagnagrunni). Margt bendir til þess að afhendingarskyldir aðilar hafi ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að koma rafrænum gögnum í varanlegt, kerfis-óháð form sem hentar til langtíma varðveislu og nokkuð skortir á yfirsýn yfir þau rafrænu gögn sem er verið að vinna með. Á þetta bæði við um eldri gögn og úrelt gagnakerfi sem og þau gögn sem verið er að vinna með í dag.

Ljóst er að áttaks er þörf í skjalamálum afhendingarskyldra aðila á vegum sveitarfélaga í Skagafirði svo þessir aðilar uppfylli lagaskyldur sínar. Rétt er að ítreka að meginmarkmið laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 sem er að " tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og gögn um sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi". **Skjalavarsla er mikilvægur hluti stjórnsýslunnar** og nauðsynlegt er að gefa henni betri gaum.

STAFRÆN FRAMTÍÐ

SVEITARFÉLÖG Á ÍSLANDI OG HÉRAÐSSKJALASÖFN ÞEIRRA STARFA Í STAFRÆNU UMHVERFI OG HAFA Á UNDAFÖRNUM ÁRUM LEITAST VIÐ AÐ BÆTA STAFRÆNA ÞJÓNUSTU VIÐ ÍBÚA.


Héraðsskjalasöfn á Íslandi hafa tekið höndum saman til að styðja við stafræna umbreytingu sveitarfélaga. Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu einfaldar skil á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga, styður við hlítinu reglna, auðveldar ráðgjöf og samræmingu verkferla. Hlutverk miðstöðvarinnar er að stýra verkefninu og tryggja að rafræn gagnasöfn séu varðveitt og gerð aðgengileg.

Héraðsskjalasöfnin hafa undirritað samning við NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) sem er samstarfsverkefni 31 sveitarfélags í Danmörku. Markmið NEA er að tryggja rafrænt skjalahald, vörslu rafrænna gagna og aðgengi að rafrænum skjalasöfnum og nýta samstarfsvettvanginn til að byggja upp sérþekkingu hjá hverju skjalasafni. Regluverk vegna tilkynninga og móttöku á rafrænum gagnasöfnum opinberra aðila á Íslandi fylgir reglusetningu Statens Arkiver í Danmöku og af þeim sökum er skynsamlegt að vera í samstarfi við dönsk sveitarfélög um kortlagningu, tilkynningar og tilhögun skila á rafrænum gagnasöfnum.

Stafræn vegferð héraðsskjalasafna og aðgengi að rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga í héraði tryggir samfellu í þjónustu á sveitarstjórnarstiginu. Samstarf héraðsskjalasafnanna getur einfaldað skil á rafrænum gagnasöfnum um leið og sameiginleg þekking starfsfólks og stjórnsýslunnar eykst, ásamt því að nýta fjármuni sveitarfélaga með skynsamlegum hætti.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur tekið þátt í þessari samvinnu héraðsskjalasafnanna enda má vera ljóst að það er einungis tímaspursmál hvenær sveitarfélag munu öll fara í rafræn skil og þá viljum við vera tilbúin.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur einnig unnið að því að gera stafræn afrit af völdum gögnum og hafa aðgengileg fyrir almenning í gegnum skráningarkerfi safnsins, atom.skagafjordur.is. Eftir árið 2023 er búið að búa til stafræn afrit af **41.774 ljósmyndum, 943 skjölum og bókum og 89 hljóðskrám.**



ÁHERSLUVERKEFNI

HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA HEFUR, FYRIR UTAN REGLUBUNDIN VERKEFNI, UNNIÐ AÐ ÝMSUM ÁHERSLUVERKEFNUM. HÉR MÁ SJÁ DÆMI UM SLÍK VERKEFNI:


2018

- Héraðsskjalasafnið var hluti teymis sem vann undirbúningsvinnu verkefnisins um verndarsvæði í byggð í Skagafirði. Unnið var með elstu bæjarhlutana á Sauðárkróki og Hofsósi. Teymið gerði húsakannanir, fornleifaskráningar og tillögu að verndarsvæði.



2019

- Starfsmenn héraðsskjalasafnsins ásamt öðru safnafólki á Norðurlandi vestra sóttu námskeið hjá Nathalie Jaquement um forvörslu og neyðaráætlanir. Í kjölfarið var unnið að neyðar- og viðbragðsáætlun fyrir safnið.
- Starfsmenn safnsins héldu í fræðsluferð til Skotlands og hittu þar kollega sína.



2020

- Héraðsskjalasafnið sendi út könnun um stöðu skjalavörslu hjá sveitarfélögum og undirstofnunum í Skagafirði.
- Áframhaldandi vinna við skráningu húsa í Skagafirði. Lögð áhersla á Suðurgötu á Sauðárkróki.
- Héraðsskjalasafnið og Stefán Ágústsson fengu nýsköpunarstyrk til að m.a. rannsaka, skrá og miðla gögnum Sölva Helgasonar. Héraðsskjalasafnið gerði einnig hlaðvarpsþætti um förufólk í tengslum við verkefnið.
- Ný heimasíða fyrir Héraðsskjalasafn Skagfirðinga tekin í notkun. Samhliða því er tekið upp nýtt auðkenni fyrir söfnin í Skagafirði.



2021

- Héraðsskjalasöfnin á Norðurlandi vestra fengu styrk frá SSNV til að kanna möguleika sveitarfélaga á svæðinu til að fara í rafræn skil. Kannað hvað í því felst og hvernig sveitarfélögin á svæðinu eru í stakk búin til að stíga slík skref.
- Starfssemi héraðsblaðsins Feykis gerð góð skil með sýningu, hlaðvörpum og ekki síst skráningu og miðlun á ljósmyndasafni blaðsins sem nú er varðveitt á héraðsskjalasafninu.



2022

- Héraðsskjalasafnið hélt áfram að skrá hús í Skagafirði en nú var unnið að skráningu húsa í dreifbýli, nánar til tekið í Akrahreppi. Skráningin skyldi fullnægja kröfum um slíka skráningu fyrir aðalskipulag. Lögum um menningarminjar var breytt í árslok 2022 og því þurfti að endurskoða skýrsluna með hliðsjón að því.
- Síðasta bindi Byggðasögu Skagafjarðar kom út árið 2022. Að því tilefni setti héraðsskjalasafnið upp sýningu um ritun sögunnar og tók viðtal við Hjalta Pálsson, ritstjóra verksins.



2023

- Á árinu var lögð mikil áhersla á að undirbúa héraðsskjalasöfnin fyrir móttöku rafrænna gagna. Héraðsskjalavörður tók þátt í gerð þriggja skýrslna um verkefnið, bæði á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og stýrihóps héraðsskjalavarda um rafræna skjalavörslu og varðveislu. Unnið, í samvinnu við héraðsskjalasöfnin á landinu, að stofnun móttökuverkstæðis rafrænna gagna fyrir sveitarfélögin.



MARKMIÐ 2024

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ HEFUR SETT SÉR NOKKUR MÆLANLEG MARKMIÐ FYRIR ÁRIÐ 2024.

SKJALAVARSLA

- Í samvinnu við skjalastjóra sveitarfélagsins verður sett fram drög að skjalastefnu Skagafjarðar.
- Héraðsskjalasafnið beitir sér fyrir því að málalykill sveitarfélagsins verði endurskoðaður og einfaldaður.
- Héraðsskjalasafnið heldur áfram að undirbúa móttöku rafrænna og stafrænna gagna í samvinnu við önnur héraðsskjalasöfn á landinu.

SKRÁNING

- Klárað verði að yfirfara og setja inn skráningar einkaskjalasafns sem hefur auðkennið E í eldri skráningu. Á árinu 2023 voru söfnin E00001 til E00080 yfirfarin. Á árinu 2024 er ætlunin að fara yfir **E00080 til E000129**.
- Haldið verður áfram að setja inn eldri handritaskráningu safnsins inn í skráningarkerfið atom. Á árinu 2023 var um 2% sett inn í atom. Á árinu 2024 er stefnt að því að **20%** af handritaskráningunni verði komin inn í atom.
- Lokið verði við að skrá og ganga frá Korta- og teikningasafn. Nú þegar er búið að skrá og ganga frá um 60% af safninu. Á árinu 2024 er stefnt að því að **100%** korta- og teikningasafns verði frágengið og skráð í skráningarkerfið atom.

MIÐLUN

- Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur undirritað samning um að gera skráningargögn safnsins aðgengileg á vefgáttinni Archives Portal Europe. Stefnt er að því að gera lýsigögn **100** skjalasafna sem skráð eru í skráningarkerfi safnsins aðgengileg í vefgáttunni á árinu.
- Haldið verður áfram að skrá og skanna inn ljósmyndir Stefáns B. Pedersens. Nú þegar er búið að skrá um 6000 ljósmyndir. Markmiðið er að komast í 8000 myndir á árinu 2024.
- Sett verði upp tvö skilti með upplýsingum um verndarsvæði í byggð á Hofsósi og Sauðárkróki.
- Gerðir verða **tveir** hlaðvarpsþættir sem byggja á skagfirskum fróðleik og sögu.

INNRA STARF

- Starfspróunaráætlun héraðsskjalasafnsins verður endurskoðuð og uppfærð í upphafi ársins 2024.
- Stefnt verður að fræðsluferð starfsmanna.

VIÐBURÐIR

- Stefnt er að því að halda námskeið í "grúski" í samvinnu við Héraðsbókasafn Skagfirðinga. Á námskeiðinu er fólki kennt að leita að sagnfræðilegum gögnum og hvernig best sé að vinna úr þeim gögnum.
- Haldin verði ljósmyndasýning á verkum Stefáns B. Pedersen ásamt kynningu á safninu í Gránu.

FYRIRLESTRAR OG KYNNINGAR

Árið 2019

- Sólborg Una Pálsdóttir. *Hofsós. Húsakönnun. Fornleifaskráning.* Kynning á íbúafundi varðandi verndarsvæði í byggð.
- Sólborg Una Pálsdóttir. *Aðfangastefna og rannsóknir frá sjónarhóli héraðsskjalasafns.* Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða, 2019.
- Kristín Sigurrós Einarsdóttir. *Starfsemi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.* Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða, 2019.

Árið 2020

- Sólborg Una Pálsdóttir. *Könnun á skjalavörslu og skjalastjórn.* Kynning haldin á námskeiði um skjalavörslu sem haldið var fyrir starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands.
- Sólborg Una Pálsdóttir, Svala Runólfssdóttir. *Könnun á skjalavörslu og skjalastjórn.* Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða 2020.

Árið 2021

- Sólborg Una Pálsdóttir. *Móttaka og varðveisla rafrænna gagna.* Skjalavarsla sveitarfélaga. Fyrirlestur fluttur á ársfundi SSNV, 2021.

Árið 2022

- Sólborg Una Pálsdóttir. *Einkaskjöl á héraðsskjalasafni.* Fyrirlestur fluttur á Sögupingi 2022.
- Sólborg Una Pálsdóttir. *Einkaskjöl á héraðsskjalasafni.* Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða, 2022.
- Sólborg Una Pálsdóttir. *Byggðasaga 2.0.* Fyrirlestur fluttur á málþingi um byggðasögu sem haldin var á Hólum í Hjaltadal, 30. september 2022.
- Kristín Sigurrós Einarsdóttir, Sólborg Una Pálsdóttir, Vilborg Pétursdóttir. *Úr fótum Fljótamanna.* Kynning á starfssemi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga sem haldin var í Ketilási 5. desember 2022.

Árið 2023

- Sólborg Una Pálsdóttir. *Verndarsvæði í byggð.* Fyrirlestur fluttur fyrir nemendur á Ferðamáladeild við Háskólann á Hólum, 2023.
- Sólborg Una Pálsdóttir. *Einkaskjöl á héraðsskjalasafni.* Fyrirlestur fluttur fyrir nemendur í almenni skjalfræði við HÍ, 2023.
- Kristín Sigurrós Einarsdóttir. *Starfsemi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.* Kynning flutt fyrir Sóroptimistaklúbb Skagafjarðar, 2023.



ÚTGÁFA

Árið 2018

- *Húsakönnun Hofsóss: Plássið og sandurinn*. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. 2018.
- *Húsakönnun Sauðárkróks: Norðurhluti gamla bæjar*. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. 2018.

Árið 2019

- *Húsakönnun Sauðárkróks: Suðurgata*. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. 2019.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2019). *Heildræn skráning á fornum leiðum á miðhálandinu*. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Rammaáætlun.
- Linda Valbjörnsdóttir, Sólborg Una Pálsdóttir, "Líkamsþroskun barna: Um mælingar skólabarna í Skagafirði á fyrri hluta tuttugustu aldar", *Saga* 2019 LVII:II, 153-167.

Árið 2020

- Stefán Ágústsson. *Sölvi Helgason. Ljósmyndun, greining, skráning og miðlun handrita Sölva Helgasonar*. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. 2020.

Árið 2021

- Sólborg Una Pálsdóttir. *Samantekt um eftirlitskönnun árið 2020*. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. 2021.
- Sólborg Una Pálsdóttir, Sóveig Hulda Benjamínsdóttir, Svala Runólfssdóttir. *Móttaka og varðveisla rafrænna gagna*. Héraðsskjalasöfnin á Norðurlandi vestra. 2021.

Árið 2022

- Brenda Prehal, Sólborg Una Pálsdóttir. *Höfnin á Sauðárkróki: fornleifaskráning og forkönnun húsa*. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Byggðasafn Skagfirðinga. 2022.

Árið 2023

- Erla Dís Sigurjónsdóttir, Sólborg Una Pálsdóttir, Þorsteinn Tryggvi Másson. *Starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafna*. Stýrihópur héraðsskjalavarda um rafræna skjalavörslu.
- Sólborg Una Pálsdóttir, Þorsteinn Tryggvi Másson. *Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu*. Stýrihópur héraðsskjalavarda um rafræna skjalavörslu og varðveislu.
- *Rafræn skil sveitarfélaga. Ferli að rafrænum skilum, hlutverk og ábyrgð þátttakenda*. Samband íslenskra sveitarfélaga. Sólborg Una Pálsdóttir sat í stýrihópi sem gerði skýrsluna.
- *Móttaka og varðveisla rafrænna skjalasafna*. Samband íslenskra sveitarfélaga. Sólborg Una Pálsdóttir sat í stýrihópi sem gerði skýrsluna.
- *Húsaskrá Akrahrepps*. Yfirlit. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. 2023.
- Sólborg Una Pálsdóttir. "Heimildir heima í héraði. Um stöðu og hlutverk héraðsskjalasafna". *Saga* 2023 LXI:2.



HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA

JANÚAR 2024